

2023

Þriðjudaginn 8. desember 1992.

Nr. 326/1992. **Valgerður Sigurbergsdóttir og
Konráð Vilhjálmsson**
gegn
innheimtumanni ríkisins, Sauðárkróki.

Kærumál. Nauðungaruppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. júlí 1992 samkvæmt heimild í 3. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Þeir krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og umbeðið uppboð nái ekki fram að ganga. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að uppboðið nái fram að ganga.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurður ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist af hálfu varnaraðila.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður uppboðsréttar Skagafjarðarsýslu 26. júní 1992.

Uppboðspólar í máli þessu hafa sérstaklega mótmælt uppboðskröfu innheimtumanns ríkissjóðs, Sauðárkróki. Var ákveðið að taka þau mótmæli sérstaklega fyrir, og var mál þetta tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 22. júní sl.

Vegna mótmæla þessara við kröfu innheimtumanns ríkissjóðs vék hinn reglulegi uppboðshaldari sæti með úrskurði, upp kveðnum 5. febrúar sl., og var dómari sá, er nú fer með málið, skipaður með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 26. mars sl., sem setuuppboðshaldari.

Mótmæli uppboðspóla við uppboðsbeiðni innheimtumanns ríkissjóðs byggjast aðallega á því, að ekki sé unnt að gera sér grein fyrir því, fyrir hvaða gjöldum hafi verið gert lögtak. Beðið hafi verið um gögn, sem sýni, um hvaða gjöld sé að ræða, svo sem viðeigandi álagningu gjaldanna frá

skattstjóra Norðurlands vestra, en þau gögn hafi ekki verið lögð fram. Þá hafi ekki verið sýnd nokkur gögn, sem sýni, að uppboðspoli hafi verið varaður við um það af fógeta, að til stæði að gera hjá honum lögtak 30. júní 1989. Ekki hafi heldur verið lögð fram gögn, sem sýni, að uppboðspola hafi verið tilkynnt, að búið væri að gera lögtak, svo að hann gæti gætt réttar síns og áfrýjað lögtakinu innan þess frests, sem það sé tækt. Innheimtumaður ríkissjóðs hafi ekki lagt fram skriflega uppboðsbeiðni, eins og boðið sé í 6. gr. uppboðslaga. Jafnframt telja uppboðspolar, að úr því að hinn reglulegi uppboðshaldari hafi talið sig vanhæfan í máli þessu, hafi hann einnig verið vanhæfur til að gera það lögtak, sem mál þetta byggist á. Uppboðspolar telja, að málsatvik í máli þessu varðandi uppboðskröfu innheimtumanns ríkissjóðs séu svo sérstök, að dómsvald uppboðshaldara skv. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 4. mgr. 2. gr. s.l., nái þar yfir. Því sé við að bæta, að uppboðspolar geti haft uppi þær varnir, að lögtakið hafi ekki verið gert af löglegum dómara, og því sé haldið fram hér, að dómari sá, er gerði lögtakið, hafi ekki haft til þess löglegar heimildir, þar sem hann hafi verið vanhæfur. Uppboðspolar gera því kröfu um, að uppboð þetta nái ekki fram að ganga.

Uppboðsbeiðandi, innheimtumaður ríkissjóðs, hafnaði mótmælum uppboðspola og gerði kröfu um, að uppboðið næði fram að ganga. Hann kvað lögmenn uppboðspola hafa fengið yfirlit yfir skuldastöðu, en það sé hins vegar ekki innheimtumanns að ákveða skatta, og beri sér einungis að innheimta það, sem skattyfirvöld leggi á hverju sinni. Um skriflega uppboðsheimild er vísað til 2. mgr. 6. gr. uppboðslaga, en þar komi fram, að innheimtumanni sé óskýlt, sé hann jafnframt uppboðshaldari, að leggja fram skriflega uppboðsbeiðni. Hann mótmælir því, að fógeti hafi verið vanhæfur við lögtaksgerðina, heldur hafi hann úrskurðað sig frá uppboðsmálinu vegna mótmæla, sem fram hafi komið við uppboðsbeiðni sinni sem innheimtumanns. Hann vísaði til þess, að uppboðshaldari gæti ekki úrskurðað um lögtakið, þar sem það hefði verið gert af hliðsettum dómara og fulltrúi sá, sem lögtakið hafi gert, hafi verið til þess löglega bær. Uppboðspolum hafi margoft verið tilkynnt um lögtakið. Enn fremur benti hann á, að álagning sölugjalds hefði verið gerð 1987 eftir endurákvörðun skattstjóra, og hefði því lögtaksréttur ekki verið fyrndur, eins og uppboðspolar hafa viljað halda fram.

Ekki verður fallist á þau mótmæli uppboðspola, að ekki sé unnt að gera sér grein fyrir því, fyrir hvaða gjöldum hafi verið gert lögtak. Innheimtumaður ríkissjóðs hefur m. a. lagt fram í málinu tölvuútskrift af þessum gjöldum, þar sem þau eru nokkuð nákvæmlega sundurliðuð. Því verður að telja, að uppboðspolum hafi átt að vera nægilega ljóst, fyrir hvaða gjöldum verið var að gera lögtak á sínum tíma og uppboðskrafa innheimtu-

manns byggðist á. Lögtakið er gert af þar til bærum og löglegum fólga, og verður ekki fallist á, að fella beri niður uppboðsmálið með vísan til þess, að hann sé vanhæfur til málsins. Umrætt lögtak var gert 30. júní 1989, en með bréfi, dags. 19. júlí 1989, sbr. dskj. nr. 15 í málinu, tilkynnir uppboðshaldari uppboðspóla, að borist hafi krafa frá innheimtumanni ríkissjóðs um uppboð á eign hans, og verður því ekki fallist á þau mótmæli, að þeim hafi ekki verið kunnugt um tilvist lögtaksins, fyrr en áfrýjunarfrestur hafi verið liðinn. Hins vegar er það ekki uppboðshaldara að endurskoða lögtaksáðgerðina sem slíka eða undirbúning hennar, enda liggur fyrir, að hún var gerð af löglegum og til þess bærum fólga. Um kröfu um skriflega uppboðsheimild má vísa til 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, en þar kemur fram, að ef sá, sem uppboð heldur, fer sjálfur með innheimtu þeirrar kröfu, gildi ekki ákvæði 1. mgr. Líta verður því svo á, að innheimtumanni ríkissjóðs beri því ekki lagaleg skylda til að leggja fram skriflega uppboðsheimild.

Þegar framangreint er virt, þykja ekki þeir annmarkar á máli þessu af hálfu uppboðsbeiðanda, að unnt sé að fallast á mótmæli uppboðspóla, og er því hafnað kröfu þeirra um, að uppboð þetta nái ekki fram að ganga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu uppboðspóla í máli þessu, að uppboð þetta nái ekki fram að ganga, er hafnað.
